

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 205/2016

2017/EES/13/08

frá 30. september 2016

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 272/2012 frá 7. febrúar 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af lánsþæfismatsfyrirtækjum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um tæknilega eftirlitsstaðla um inntak og form reglubundinna skýrslna með matsgögnum sem lánsþæfismatsfyrirtækjum ber að leggja fram til Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 447/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki þar sem mælt er fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla við mat á því hvort aðferð við lánsþæfismat uppfylli skilyrði ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 448/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánsþæfismatsfyrirtæki skulu gera aðgengilegar í miðlægu gagnasafni sem komið er á fót af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 449/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skráningarupplýsingar og vottun lánsþæfismatsfyrirtækja ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 946/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar starfsreglur um sektir sem Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin leggur á lánsþæfismatsfyrirtæki, þ.m.t. reglur um rétt til varnar og tímabundin ákvæði ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/245/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Brasíliu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 90, 28.3.2012, bls. 6.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 2.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 32.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 282, 16.10.2012, bls. 23.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 65.

- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/246/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Argentínu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/247/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki ⁽⁹⁾.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/248/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Singapúr jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/249/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Hong Kong jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki ⁽¹¹⁾.
- 12) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 31ebd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/630/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

- „31ebe. **32014 D 0245:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/245/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Brasilíu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 65).
- 31ebf. **32014 D 0246:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/246/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Argentínu jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 68).
- 31ebg. **32014 D 0247:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/247/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Mexíkó jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 71).
- 31ebh. **32014 D 0248:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/248/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Singapúr jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 73).
- 31ebi. **32014 D 0249:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/249/ESB frá 28. apríl 2014 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Hong Kong jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 76).

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 68.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 71.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 73.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 76.

31ebj. **32012 R 0272:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 272/2012 frá 7. febrúar 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af lánsþæfismatsfyrirtækjum (Stjtið. ESB L 90, 28.3.2012, bls. 6).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1. gr., að því er varðar EFTA-ríkin.

b) Orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 2. gr.

c) Í 3. mgr. 5. gr.:

i) að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í fjórðu undirgrein,

ii) eftirfarandi undirgrein er bætt við:

„Þegar Eftirlitsstofnun EFTA skal senda reikninga vegna afborgananna, að því er varðar lánsþæfismatsfyrirtæki, sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um nauðsynlega útreikninga að því er varðar hvert lánsþæfismatsfyrirtæki nægilega löngu fyrir greiðsludag.“

d) Í 7. mgr. 6. gr.:

i) koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“, að því er varðar EFTA-ríkin, í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,

ii) er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Þegar Eftirlitsstofnun EFTA skal endurgreiða hluta skráningargjaldsins, að því er varðar lánsþæfismatsfyrirtæki, sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin í því skyni láta Eftirlitsstofnun EFTA í té án tafar þær fjárhæðir sem lánsþæfismatsfyrirtæki fær endurgreiddar.“

e) Í 9. gr.:

i) koma orðin „Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar lánsþæfismatsfyrirtæki, sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum“ í stað orðanna „Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1. mgr.,

ii) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

31ebk. **32012 R 0446:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um tæknilega eftirlitsstaðla um inntak og form reglubundinna skýrslna með matsgögnum sem lánsþæfismatsfyrirtækjum ber að leggja fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (Stjtið. ESB L L 140, 30.5.2012, bls. 2).

31ebl. **32012 R 0447:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 447/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki þar sem mælt er fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla við mat á því hvort aðferð við lánsþæfismat uppfylli skilyrði (Stjtið. ESB L L 140, 30.5.2012, bls. 14).

31ebm. **32012 R 0448:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 448/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánshæfismatsfyrirtæki skulu gera aðgengilegar í miðlægu gagnasafni sem komið er á fót af Evrópsku verðbréfamarkaðs-efirlitsstofnuninni (Stjtið. ESB L L 140, 30.5.2012, bls. 17).

31ebn. **32012 R 0449:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 449/2012 frá 21. mars 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skráningarupplýsingar og vottun lánshæfismatsfyrirtækja (Stjtið. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 32).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er varðar EFTA-ríkin er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“ í 1. gr.
- b) Að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ koma í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 2. kafla og í IV. og V. viðauka.

31ebo. **32012 R 0946:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 946/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar starfsreglur um sektir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur á lánshæfismatsfyrirtæki, þ.m.t. reglur um rétt til varnar og tímabundin ákvæði (Stjtið. ESB L 282, 16.10.2012, bls. 23).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. gr. að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- b) Í 2. gr. að því er varðar EFTA-ríkin er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“.
- c) Í 3. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) er orðunum „og Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“ í 1. mgr.,
 - ii) er orðunum „tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um. Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótilhlýðilegrar tafar,“ bætt við á eftir orðunum „skal hún“ í 2., 4. og 5. mgr. og á undan orðunum „taka ákvörðun“ í 3. mgr.,
 - iii) í annarri undirgrein 4. mgr. og í fyrstu undirgrein 5. mgr. er orðunum „, áður en drög eru samin fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, eða Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“,
 - iv) í þriðju undirgrein 4. mgr. og í annarri undirgrein 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“,
 - v) í 6. mgr. koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“.
- d) Í 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) í fyrstu undirgrein koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA,“ í stað orðanna „eftirlitsstjórnin“ og „Eftirlitsstjórninni“,
 - ii) í þriðju undirgrein er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“.

- e) Í 5. gr., að því er varðar EFTA-rikin:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,
 - ii) koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „eftirlitsstjórnin“.
- f) Í 6. gr. að því er varðar EFTA-rikin:
- i) koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnunin“ í 1. og 4. mgr.,
 - ii) í 3. og 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,
 - iii) í 5. mgr. koma orðin „EFTA-dómstólum, í samræmi við 35. gr. samnings milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ í stað orðanna „kærunefndinni, í samræmi við 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾, og hjá Evrópudómstólum, í samræmi við 36. gr. e reglugerðar (EB) nr. 1060/2009“.
- g) Í 7. gr., að því er varðar EFTA-rikin:
- i) koma orðin „Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „Evrópsku verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnunarinnar“,
 - ii) í b-lið 5. mgr. koma orðin „EFTA-dómstólsins [...], í samræmi við 35. gr. samnings milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ í stað orðanna „kærunefndar [...], í samræmi við 58. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og Evrópudómstólsins, í samræmi við 36. gr. e reglugerðar (EB) nr. 1060/2009“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) nr. 272/2012, (ESB) nr. 446/2012, (ESB) nr. 447/2012, (ESB) nr. 448/2012, (ESB) nr. 449/2012 og (ESB) nr. 946/2012 og framkvæmdarákvarðana 2014/245/ESB, 2014/246/ESB, 2014/247/ESB, 2014/248/ESB og 2014/249/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökuþegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2016 frá 30. september 2016 ⁽¹²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽¹²⁾ Stjútíð. ESB L 46, 23.2.2017, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjútíð. ESB nr. 13 frá 23.2.2017, bls. 42.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.